

Fundargerð aðalfundar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Fimmtudaginn 18. mars 2010 var haldinn aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í húsnæði BHM að Borgartúni 6 og hófst hann kl. 12:05.

Fundinn sátu: Ragnheiður Ragnarsdóttir formaður, Gunnar Gunnarsson ritari, Ársæll Baldursson gjaldkeri, Hjálmar Kjartansson og Þórhildur Albertsdóttir meðstjórnendur, Birgir Guðjónsson og Helgi Þór Jónasson varamenn, Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir skoðunarmenn.

Guðrún Eggertsdóttir, Stefán Aðalsteinsson, Helga Birna Ingimundardóttir, Ásgeir Westergren, Bryndís María Leifsdóttir, Sigþór Karlsson, Kolbrún Jónatans, Helga S. Sigurðardóttir, Sif Cortes, Sigurður M. Grétarsson, Einar Guðmannsson, Dagný Thorarensen, Bára Magnúsdóttir, Hjalti Sigurðarson, Helgi Bogason.

Einnig sátu fundinn frá þjónustuskrifstofu félagsins Halldór Valdimarsson sem stýrði fundi og Ólöf Jóna Tryggvadóttir sem annaðist fundarritun.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2009. Skýrslan var samþykkt samhljóða.

2. Reikningsskil

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Skýrslur og tillögur nefnda

Engar skýrslur eða tillögur bárust.

4. Tillögur félagsstjórnar

Engar tillögur fyrirbyggjandi.

5. Kosning í embætti stjórnar og önnur trúnaðarstörf

Kosningu til stjórnar lauk með þeim hætti að stjórn er óbreytt frá fyrra ári utan meðstjórnenda og varamanna:

Formaður: Ragnheiður Ragnarsdóttir

Gjaldkeri: Ársæll Baldursson

Ritari: Gunnar Gunnarsson

Meðstjórnendur: Meðstjórnendur frá fyrra ári gáfu kost á sér áfram auk Birgis Guðjónssonar og Helga Þórs Jónassonar. Kosningu hlutu Birgir Guðjónsson og Helgi Þór Jónasson.

Varamenn: Hjálmar Kjartansson, Halla Sigurðardóttir og Helga Sigurðardóttir.

6. Kosning skoðunarmanna

Núverandi skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir, þau Jóngeir H. Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir.

7. Lagabreytingar

Lögð fram tillaga um breytingu á 4. grein laga félagsins um félagsmenn á þann hátt að við hana bætist eftirfarandi skáletraði texti:

4. gr. Félagsmenn geta þeir orðið sem:

- Hafa lokið viðurkenndu prófi í viðskiptafræði eða hagfræði, skv. lögum nr. 27/1982 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
- Starfa sem viðskiptafræðingar og hagfræðingar

- Starfa sem launamenn
- *Námsmenn í viðskiptafræði eða hagfræði á háskólastigi, sem lokið hafa a.m.k. 30 einingum (ECTS) í fagi, geta sótt um námsmannaáðild. Námsmannaáðild veitir heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt og önnur réttindi að ákvörðun stjórnar félagsins á hverjum tíma. Námsmenn greiða ekki gjöld til félagsins meðan þeir eru í námi nema þeir þiggi laun á tímabilinu. Námsmannaáðild getur varað allt að fjórum árum. Umsókn um námsmannaáðild skal fylgja staðfesting á skólavist.*

Eftirfarandi breytingartillaga var samþykkt:

4. gr. Félagsmenn geta þeir orðið sem:

- Hafa lokið viðurkenndu prófi í viðskiptafræði eða hagfræði, skv. lögum nr. 27/1982 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.
- Starfa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar
- Starfa sem launamenn
- *Námsmenn í viðskiptafræði eða hagfræði á háskólastigi, sem lokið hafa a.m.k. 60 einingum (ECTS) í fagi eða sem jafngildir einu námsári í fagi, geta sótt um námsmannaáðild. Námsmannaáðild veitir heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt og önnur réttindi að ákvörðun stjórnar félagsins á hverjum tíma. Námsmenn greiða ekki gjöld til félagsins meðan þeir eru í námi nema þeir þiggi laun á tímabilinu. Námsmannaáðild getur varað allt að fjórum árum. Umsókn um námsmannaáðild skal fylgja staðfesting á skólavist.*

8. Ákvörðun félagsgjalda

Engin mál.

9. Önnur mál.

a. Laun stjórnar

Tillaga lögð fram til kynningar um breytingar á launum stjórnarmanna.

b. Kosning stjórnarmanna

Hjálmar Kjartansson gerði athugasemd við hlut opinberra starfsmanna í kosningu um stjórn félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30